



Fjársýsla ríkisins
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 15. nóvember 2005
Tilv.: FJR05040050/230-0

Efni: Afgreiðsla desemberuppbótar og orlofsuppbótar skv. kjarasamningum.

Fjármálaráðuneytið hefur haft til umfjöllunar tilhögun á afgreiðslu desemberuppbótar og orlofsuppbótar skv. kjarasamningum.

Við gerð síðustu kjarasamninga við Starfsgreinasamband Íslands og fleiri félög innan ASÍ voru ofangreind ákvæði samræmd ákvæðum í kjarasamningum BSRB, BHM og KÍ.

Í framhaldi af þessari samræmingu hefur verið ákveðið að réttur starfsmanna til greiðslu á þessum uppbótum skuli reiknaður á hvert starf svo sem segir í grein 1.7 um persónuuppbót og gr. 4.2.2 um orlofsuppbót.

Fyrir hönd ráðherra

Gunnar Björnsson

Ásta Lára Leósdóttir

Ljósrit: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins